

5. Ekkert hefur komið fram í málinu, er bendir til, að tilnefningartími Jóns Valgeirssonar sem trúnaðarmanns hafi verið útrunninn, þegar uppsögnin átti sér stað.

Þegar framangreindar staðreyndir eru virtar og jafnframt hugleitt, að það er með ólíkindum, að enginn trúnaðarmaður hafi starfað árum saman á jafnþekktum og varanlegum vinnustað og áhaldahúsi kaupstaðarins, þá tel ég nægjanlega sannað, að Jón Valgeirsson hafi verið trúnaðarmaður á vinnustaðnum, þegar honum var sagt upp störfum.

Með uppsögninni var grundvallarreglan í niðurlagi 11. gr. laga nr. 80/1938 sniðgengin, og er uppsögnin því ólögumæt, en eigi eru efni til þess að beita refsíákvæðum. Þá tel ég rétt, að málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 10. júlí 1990.

Nr. 1/1990.

**Bandalaga háskólamentaðra ríkisstarfsmanna
(BHMR) f.h. Félags háskólakennara,
Félags viðskipta- og hagfræðinga,
Félags íslenskra náttúrufræðinga,
Læknafélags Íslands,
Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu,
Dýralæknafélags Íslands og
Stéttarfélags verkfræðinga**

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.).

Frávísun að hluta. Verkfallsheimild.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediksdóttir, Ragnar Halldór Hall og Þorsteinn A. Jónsson.

Málið, sem tekið var til dóms 25. f.m., er höfðað með stefnu birtri 28. febrúar 1990.

Stefnendur eru stéttarfélög þau, sem tilgreind eru í heiti málsins, en Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Lág múla 7, Reykjavík, fer með málið í umboði þeirra fyrir dómnum.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarholvi, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

Að eftirtaldar stöður (starfsheiti) verði felldar út af skrá þeirri yfir „forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall, skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 um breyting á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins“, sem birt var sem auglýsing nr. 54/1990 í B-deild Stjórnartíðinda, sem út kom þann 31. janúar 1990:

Stofnun:

Endurmenntunarnefnd H.Í.
Fiskifélag Íslands.
Háskólabókasafn.

Hollustuvernd.
Iðntæknistofnun Íslands.
Landsbókasafn Íslands.
Lyfjaverslun ríkisins.
Mannfræðistofnun.
Orðabók Háskóla Íslands.
Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá.
Raunvísindastofnun.
Reiknistofnun Háskóla Íslands.
Ríkisspítalar.

Sauðfjárveikivarnir.
Skógrækt ríkisins.
Veðurstofa Íslands.

Vegagerð ríkisins.

Starfsheiti:

Endurmenntunarstjóri.
Skrifstofustjóri.
Háskólabókavörður.
Aðstoðarháskólabókav.
Forstöðumenn.
Fjármálastjóri.
Deildarstj., staðg.
Fjármálastjóri.
Forstöðumaður.
Forstöðumaður.

Forstöðumaður.
Skrifstofustjóri.
Deildarstjóri.
Framkvæmdastjórar sviða
Varaframkvstj. sviða.
Deildarstjóri (dýral.).
Skógarverðir.
Yfirdeildarstj. tækni- og
veðurathugunardeildar.
Framkvæmdastj. stjórn-
sýslusviðs og frkvstj.
tæknisviðs.

Verðlagsráð sjávarútvegsins.
 Verkfræðistofnun.
 Vísindasjóður (Vísindaráð).
 Þjóðgarðurinn Skaftafelli.
 Örnefnastofnun Háskóla
 Íslands.

Framkvæmdastjóri.
 Forstöðumaður.
 Framkvæmdastjóri.
 Þjóðgarðsvörður.
 Forstöðumaður.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt ákvörðun Félagsdóms og að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt á málflytningisþóknun lögmanns síns.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að þeim þætti í kröfugerð stefnenda, er lýtur að starfsheitunum deildarstjóri við Reiknistofnun, deildarstjóri, staðgengill forstöðumanns við Landsbókasafn Íslands, og þjóðgarðsvörður við Þjóðgarðinn í Skaftafelli, verði vísað frá Félagsdómi;

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda um brottfellingu á stöðum (starfsheitum) af auglýstum lista yfir forstöðumenn og staðgengla þeirra nr. 54/1990 öðrum en af stöðunum (starfsheitunum) endurmenntunarstjóri hjá endurmenntunarnefnd, fjármálastjóri hjá Iðntæknistofnun og skrifstofustjóri hjá Raunvísindastofnun;

Að stefnendur verði in solidum dæmdir til að greiða stefnda málskostnað að mati Félagsdóms.

I.

Stefnandi kveður málavexti eftirfarandi.

Með gildistöku l. nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og l. 90/1986 um breytingu á 29. gr. l. 38/1954 var kveðið svo á, að fjármálaráðherra skyldi fyrir 1. febrúar ár hvert birta skrá yfir þá ríkisstarfsmenn, sem óheimilt væri að gera verkfall. Um er að ræða tvær skrár, þ.e.:

- 1) Skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986 um þá, sem samkvæmt 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. er óheimilt að fara í verkfall.
- 2) Skrá samkvæmt 3. mgr. 29. gr. l. 38/1954, sbr. l. gr. l. 90/1986 um breytingu á þeim lögum, um þá, sem óheimilt er að gera verkfall skv. 5.-6. tl. 2. mgr. 29. gr., þ.e.:
 - Forstöðumenn stjórnarsýslustofnana ríkisins og staðgenglar þeirra.
 - Forstöðumenn atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkis-

ins og staðgenglar þeirra, nema þeir séu ráðnir sérstakri ráðningu.

Skrár þessar á að birta fyrir 1. febrúar ár hvert, en það hefur ekki verið gert á hverju ári. Auk skráa, sem gerðar voru, er unnið var að samningu frumvarpa, sem síðar urðu að l. 90/1986 og 94/1986, voru skrár birtar, sbr. auglýsingar nr. 41 og 42 í B-deild Stjórnartíðinda það ár. Í 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986 eru fyrir mæli um það, að fjármálaráðherra og sveitarfélög skuli, eftir að samráð hefur verið haft við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár skv. lögnum fyrir 1. febrúar ár hvert.

Með bréfi, dags. 25. janúar 1990, ritaði Launaskrifstofa ríkisins aðildarfélögum BHMR og Stéttarfélagi verkfræðinga bréf og sendi með drög að nýrri skrá skv. 19. gr. l. 94/1986. Barst bréf þetta að afloknum vinnudegi þann 25. janúar, sem var fimmtudagur, og var í bréfinu óskað eftir umsögn fyrir helgi. Félögin höfðu því aðeins einn dag til að skila athugasemdum sínum. Gerðar voru margar athugasemdir við skrárnar, og var niðurstaðan sú, að samkomulag varð um, að allmörg störf væru felld út af skránum. Má sem dæmi nefna:

„Stofnun“	<i>Starf</i>
Skógrækt ríkisins.	Skógarverðir.
Ríkisspítalar.	Framkvæmdastjórar sviða.
	Varaframkvæmdastjórar sviða.
Vegagerð ríkisins.	Framkvæmdastjóri stjórnssýslusviðs.
	Framkvæmdastjóri tæknisviðs.“

Ekki er lögbundið, að samráð skuli hafa um skrá skv. 3. mgr. 29. gr. l. 38/1954.

Með auglýsingum nr. 53/1990 og 54/1990 birti stefndi skrár þær, sem hér um ræðir. Höfðu stefnendur í sjálfu sér ekki athugasemdir við efni skrár skv. auglýsingu nr. 53/1990, enda hafði náðst um hana samkomulag. Er stefnendur athuguðu skrá samkvæmt auglýsingu nr. 54/1990 kom í ljós, að hún var nokkuð aukin frá því, sem áður var, og að inn á hana hafði verið bætt ofangreindum *störfum*, sem aðilar höfðu með samkomulagi felld út af skrá þeirri, er birt var sem auglýsing nr. 53/1990.

Stefnendur vilja ekki una slíku svo og ýmsum öðrum stöðum, sem á skránni eru, sem í sumum tilvikum eru viðbót við fyrri samþætilegar skrár, og hafa því skv. 4. mgr. 29. gr. l. 38/1954 höfðað

félagsdómsmál þetta, sem höfðað er til að knýja fram breytingar á skránni.

Málsástæður og lagarök.

1. Almenn.

Stefnendur tefla fram sem almennum röksemdum, að það sé meginregla, sem m.a. var lögfest með l. 94/1986, að ríkisstarfsmönnum sé heimilt að fara í verkfall. Það leiðir því af almennum lögskýringarreglum, að skýra ber undantekningar frá rétti og skyldu manna til að taka þátt í vinnustöðvun til að knýja á um úrbætur í kjaramálum þrengjandi lögskýringu. Stefnendur halda því líka fram, m.a. með hliðsjón af framansögðu, að það þurfi að vera einhver sérstök rök til þess að undanskilja stöður verkfallsheimild, svo sem hættu á stórfelldri hagsmunaröskun eða eignatjóni. Þess vegna er fullyrt, að minni háttar stofnanir, t.d. eins og Vísindaráð, teljist ekki til stofnana í skilningi 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954.

2. Menntamálaráðuneyti.

Háskólabókasafn.

Staða.

Háskólabókavörður.

Aðstoðarháskólabókavörður.

Rökstuðningur.

Stöður þessar hafa ekki áður verið á sambærilegri skrá, þ.e. voru ekki á skrá nr. 42/1988. Þeir, sem gegna stöðum þessum, eru félagar í Félagi háskólakennara.

Stefnendur telja, að Háskólabókasafn sé ekki stjórnvísustofnun ríkisins, sbr. 5. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954, né heldur atvinnurekstrar- eða þjónustufyrirtæki ríkisins eða verði jafnað til þess, sbr. 6. og 7. tl. ofangreinds ákvæðis. Af þeirri ástæðu telur þessi aðili, að fella beri starfsheiti þessi út af skránni.

Hér er einnig rétt að taka fram, að stefnendur telja það engan veginn binda hendur sínar, þótt Háskólabókasafn sé nefnt stofnun í 36. gr. l. 77/1979, sbr. og 5. gr. l. 8/1985 um breytingu á þeim lögum.

Átt sé við, að Háskólabókasafn sé undirstofnun innan Háskóla Íslands, sem er ríkisstofnun í skilningi 5.-6. tl. 2. mgr. 29. gr.

Mannfræðistofnun.

Staða.

Forstöðumaður.

Rökstuðningur.

Hér vísast til fyrri röksemda. Því er þó við að bæta, að forstöðumaður er í Félagi háskólakennara. Á Mannfræðistofnun, sem skv. 2. gr. reglug. 233/1974 gegnir fyrst og fremst því hlutverki „að annast mannfræðilegar rannsóknir á Íslendingum, einkum athuganir á líkamseinkennum“, eru aðeins tvö stöðugildi heimiluð. Þrátt fyrir það að störf og rannsóknir Mannfræðistofnunar Háskóla Íslands kunni að hafa mikið fræðilegt gildi, telja stefnendur, að engin rök séu fyrir því að víkja frá meginreglunni um verkfallsheimild og engir þjóðfélagshagsmunir í hættu, þó að látið sé af framangreindum rannsóknum, á meðan á verkfalli stendur.

Reiknistofnun.

Staða.

Deildarstjóri.

Stefnendur telja,, að hér eigi við öll hin sömu rök og að framan greinir. Staðan er setin af manni í Félagi háskólakennara. Stefnendur telja einnig rétt að taka fram, að þeir telja það ekki koma í veg fyrir, að krafa þessi sé gerð, að háskólastofnun þessi hafi verið á eldri skrá, enda sé ekki í lögum áskilið, að athugasemdir við þessar skrár komi fram innan ákveðins frests.

Verkfræðistofnun H.Í.

Staða.

Forstöðumaður.

Staða þessi var ekki á skrá 42/1988. Forstöðumaður er í Félagi háskólakennara. Hér eiga við öll hin sömu rök og um Háskólabókasafn svo og þau almennu rök, er að framan greinir. Reglugerð sú, er hér á við, er nr. 404/1977.

Endurmenntunarnefnd H.Í.

Staða.

Endurmenntunarstjóri.

Staða þessi var ekki á skrá skv. auglýsingu nr. 42/1988. Starfsmaður sá, er stöðunni gegnir, er í Félagi háskólakennara.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að Endurmenntunarnefnd H.Í. sé ekki stjórnslustofnun ríkisins né heldur atvinnurekstrar-eða þjónustufyrirtæki ríkisins, sbr. 5.-6. tl. 2. mgr. 29. gr. Endurmenntunarnefnd er ekki heldur ein af undirstofnunum Háskóla Íslands, heldur er hér um að ræða samstarfsnefnd 6 aðila, þ.e. Háskóla Íslands, Tækniskóla Íslands, Bandalags háskólamanna, Tæknifræðingafélags Íslands, Verkfræðingafélags Íslands og Hins íslenska kennarafélags. Starfsemi og rekstur nefndarinnar grundvallast á samningi, sem lagður er fram í málinu. Auk þessarar sér-

stöðu röksemda gilda allar fyrri röksemdir almenns eðlis í þessu tilviki.

Orðabók H.Í.

Staða.

Forstöðumaður.

Stefnendur telja, að hér eigi við öll hin sömu rök og reifuð hafa verið um aðrar háskólastofnanir.

Örnefnastofnun.

Staða.

Forstöðumaður.

Stefnendur telja, að hér eigi við sömu rök og gilda um háskólastofnanir, enda þótt Örnefnastofnun sé í raun einungis deild í Þjóðminjasafni Íslands.

Landsbókasafn Íslands.

Staða.

Deildarstjóri.

Rökstuðningur fyrir því, að fella eigi stöðu þessa út af skrá þeirri, sem birt var með auglýsingu nr. 54/1990, er sá, að sá, er áður gegndi stöðu staðgengils, Grímur M. Helgason, deildarstjóri handritadeildar, er nú látinn. Enginn hefur verið skipaður staðgengill í hans stað og óvíst, hvort svo verður gert. Meðan svo er, telja stefnendur óheimilt að halda áfram að auglýsa sömu stöðu og hinn látni maður gegndi sem deildarstjórastöðu.

Þjóðgarðsvörður í Skaftafelli.

Staða.

Forstöðumaður.

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli var ekki á skrá, sem birt var með auglýsingu nr. 42/1988.

Stefnendur telja, að þjóðgarðurinn í Skaftafelli sé ekki stofnun í skilningi 5. og 6. tl. 29. gr. l. 38/1954, og því geti staða forstöðumanns ekki verið í auglýsingu samkvæmt þessum lagaákvæðum. Þjóðgarðurinn í Skaftafelli heyrir skv. reglugerð 319/1984 undir Náttúruverndarráð, sem skipað er mönnum, sem að stærstum hluta (6 af 7) eru kjörnir á náttúruverndarþingi, sbr. 6. gr. l. 47/1971. Ekkert í þessum lögum eða reglug. 319/1984 mæli með því að líta á Þjóðgarðinn í Skaftafelli sem ríkisstofnun. Tekið skal fram, að starfsmenn eru $1 \frac{3}{4}$ í 9 mánuði á ári hverju.

Hér eiga einnig við hin almennu rök, sem vitnað er til að framan.

Vísindasjóður.

Staða.

Framkvæmdastjóri.

Vísindasjóður var ekki á skrá þeirri, sem birt var með auglýsingu nr. 42/1988. Það athugast, að í skjölum málsins er heitið Vísindaráð

notað, en hlutverk þess er m.a. að sjá um fjárvörslu Vísindasjóðs, sbr. 3. mgr. 4. gr. l. 48/1987.

Þrátt fyrir það, að í 1. mgr. 1. gr. nefndra laga segi, að Vísindaráð sé sjálfstæð ríkisstofnun, er því haldið fram af stefnendum, að hvorki sé um að ræða stjórnarsýslustofnun né atvinnurekstrar- eða þjónustufyrirtæki ríkisins í skilningi 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954. Eru heldur engin rök til að telja stöðu þessa, sem raunar er einungis 1/2 staða, undanþegna því, að sá, er henni gegni, skuli fara í verkfall. Vísast hér einnig til hinna almennu röksemda, er að framan greinir.

3. *Landbúnaðarráðuneyti.* Staða.

Skógrækt ríkisins. Skógarverðir.

Stöður þessar hafa ekki áður verið auglýstar á sambærilegum skrá. Þeir eru a.m.k. að hluta félagar í Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FIN).

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að skógarverðir séu fráleitt forstöðumenn stofnana. Samkvæmt lögum um skógrækt nr. 3/1955 segir m.a. svo um starf skógarvarða í 4. gr: „Skógarverðir skulu starfa samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra Þeir skulu settir yfir skógarjarðir ríkisins og annast framkvæmdir þar og enn fremur hafa eftirlit með meðferð skóga og kjarrs á þeim svæðum, sem þeim eru falin.“ Svæði þau, sem skógarvörðum eru falin, geta að mati stefnenda ekki talizt stofnanir og alls ekki stofnanir skv. 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954. Auk þess eiga við hin almennu rök, sem greinir í upphafi þessa liðar.

Af hálfu stefnenda er bent á, að skýringar á því, að skógarverðir eru nú teknir á skrá, sem birt var með auglýsingu nr. 54/1990, er að líkindum að finna í frumkvæði landbúnaðarráðuneytis, sbr. bréf þess frá 12. desember 1989. Loks er rétt að benda á bréf Skógræktar ríkisins til Launaskrifstofu, dags. 30. apríl 1990, um „starfsmannafjölda skógarvarðarumdæma“, þar sem fram kemur, að starfsmannafjöldi er í flestum tilvikum, hverfandi.

Rannsóknarstöð Skógræktar Staða.

ríkisins á Mógilsá. Forstöðumaður.

Staða þessi, sem setin er af félaga í Félagi íslenskra náttúrufræðinga, hefur ekki áður verið tekin á sambærilegar skrár.

Af hálfu stefnenda er því mótmælt, að rannsóknarstöð þessi sé stofnun í skilningi 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954. Samkvæmt reglugerð nr. 114/1968 um stjórn og verksvið rannsóknarstöðvar

þessarar er rannsóknarstöðin einungis deild innan Skógræktar ríkisins. Er að mati stefnenda heimildarlaust að teygja svo skilgreiningu á hugtakinu „stjórnsýslustofnun“ eða hugtökunum „atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtæki ríkisins“, að þau verði látin ná til einstakra deilda þeirra stofnana, sem þær tilheyra, í þessu tilviki Skógræktar ríkisins.

Til viðbótar þessu er svo vísað til hinna almennu röksemda.

Sauðfjárveikivarnir.

Staða.

Deildarstjóri.

Staða þessi hefur ekki áður verið á sambærilegum skrá. Staðan er setin af félagi í Dýralæknafélagi Íslands.

Stefndur halda því fram, að deildarstjóri sá, sem hér um ræðir, sé ekki forstöðumaður stofnunar í skilningi 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954, enda er um að ræða deildarstjóra rannsóknardeildar Sauðfjárveikivarna. Rannsóknardeildin er ekki stofnun og deildarstjórinn ekki forstöðumaður. Hann er ekki heldur staðgengill framkvæmdastjóra Sauðfjárveikivarna, enda ber bréf Sauðfjárveikivarna, dags. 20. apríl 1990, það með sér, að allt önnur rök búa að baki heldur en að deildarstjórinn sé staðgengill framkvæmdastjóra. Þau rök, sem beitt er af hálfu framkvæmdastjóra Sauðfjárveikivarna og landbúnaðarráðuneytis, eru ekki þess eðlis, að þau dugi til, að deildarstjóri sá, er um ræðir, eigi heima á skrá skv. 29. gr. l. 38/1954.

Heilbrigðis- og tryggingarráðuneyti. Stöður.

Hollustuvernd.

Forstöðumenn.

Þær stöður, sem hér um ræðir, eru ýmist setnar af félagsmönnum í Stéttarfélagi verkfræðinga eða Félagi íslenskra náttúrufræðinga. Stöður þessar voru á skrá, sem birtist með auglýsingu nr. 42/1988.

Stefndur halda því fram, að einstök svið innan Hollustuverndar geti ekki talist stofnanir í skilningi margnefndra lagaákvæða. Hér er aðeins um að ræða deildir innan Hollustuverndar ríkisins, sem er sjálfstæð ríkisstofnun.

Ríkisspítalar.

Stöður.

Framkvæmdastjórar sviða.

Varaframkvæmdastjórar sviða.

Stöður þær, sem um ræðir og eru flestar setnar af félagsmönnum í Læknafélagi Íslands, en aðrar af félögum í Félagi háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga, hafa ekki verið á sambærilegum skrá

áður. Stefnendur telja, að ekki sé að finna heimildir til að telja einstök svið innan stofnunar, sem heitir Ríkisspítalar, til sérstakra stofnana, atvinnurekstrar- eða þjónustufyrirtækja ríkisins í skilningi 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954.

Sjávarútvegráðuneyti.

Staða.

Fiskifélag Íslands.

Skrifstofustjóri.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Fiskifélag Íslands sé ekki ríkisstofnun í skilningi 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954. Stefnendur benda á, að um sé að ræða samrekstrarstofnun ýmissa fjórðungssambanda og fiskifélagsdeilda svo og samtaka útvegs- manna og fiskkaupenda. Stefnendur telja, að engu breyti, þótt umræddur skrifstofustjóri kunni að vera launaður af ríkissjóði.

Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Staða.

Framkvæmdastjóri.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Verðlagsráð sjávar- útvegsins sé ekki ríkisstofnun í skilningi margnefndra lagaákvæða, enda ekki skipulögð sem slík. Þeir, sem sitja í Verðlagsráði sjávar- útvegsins, eru tilnefndir af hagsmunaaðilum, sem svo sjávarútvegs- ráðherra skipar 8 menn úr eftir ákveðnum reglum. Skipunartími er til tveggja ára, sbr. l. 43/1985. Verðlagsráð sjávarútvegsins er eins konar nefnd, og þótt hún kunni að hafa starfsmann, gerir það ráðið ekki að stofnun. Hér eiga að auki við hin almennu rök, er að framan greinir.

Fjármálaráðuneyti.

Staða.

Lyfjaverslun ríkisins.

Fjármálastjóri.

Stefnendur telja, að ekki sé sýnt fram á, að fjármálastjóri sé í raun staðgengill forstöðumanns Lyfjaverslunar ríkisins. Þau gögn, sem aflað hefur verið, sýna ekki, að svo sé.

Samgönguráðuneyti.

Staða.

Vegagerð ríkisins.

Framkvstj. stjórnsýslusviðs.

Framkvstj. tæknisviðs.

Stefnendur telja, að einstök svið innan Vegagerðar ríkisins geti ekki talist ríkisstofnanir. Er vísað til fyrri rökstuðnings um þetta atriði, enda er hér einungis um deildir að ræða.

Veðurstofa Íslands.

Staða.

Yfirdeildarstjóri tækni-

og veðurathugunardeildar.

Stefnendur telja, að þau gögn, sem lögð hafa verið fram í málinu,

sanni ekki, að Flosi H. Sigurðsson sé staðgengill forstöðumanns, eftir að nýr veðurstofustjóri var skipaður.

Iðnaðarráðuneyti.

Staða.

Iðntæknistofnur Íslands.

Fjármálastjóri.

Stefnendur halda því fram, að fjármálastjóri sé ekki staðgengill forstöðumanns. Hefur ekki verið sýnt fram á, að svo sé, enda má ætla, að röng staða hafi verið auglýst.

II.

Stefndi segir þetta um kröfugerð:

Af hálfu stefnenda hefur við framlagningu greinargerðar verið fallið frá kröfum varðandi nokkur starfsheiti, þar á meðal á þeim grundvelli, að félögin fari ekki með fyrirvar fyrir Félagsdómi vegna þeirra starfsmanna, sem stöðunum gegna, og hafi því ekki lögvarinna hagsmuna að gæta um verkfallsheimildir þessara starfa. Af hálfu stefnenda hefur þó ekki verið fallið frá öllum þeim starfsheitum, sem þetta á við um. Sýnist einsýnt, að kröfum varðandi þau starfsheiti beri að vísa frá dómi, en til vara er af hálfu stefnda byggt á því, að þegar á grundvelli aðildarskorts stefnenda máls þessa beri að hafna kröfum um, að þessi starfsheiti verði felld út af listanum, en þau eru:

1) Deildarstjóri hjá Reiknistofnun, en sá starfsmaður er félagi í SFR.

2) Deildarstjóri, staðgengill forstöðumanns við Landsbókasafn Íslands. Þeirri stöðu var síðast gegnt af starfsmanni, sem var félagi í Félagi íslenskra fræða, og eru háskólamenntaðir deildarstjórar í því félagi og í Félagi bókasafnsfræðinga. Þessari stöðu hefur nú verið ráðstafað og hún falin Nönnu Bjarnadóttur, sem er í Félagi bókasafnsfræðinga. Enginn stefnenda átti né á lögvarinna hagsmuna að gæta um verkfallsheimildir þessa starfs.

3) Þjóðgarðsvörður við þjóðgarðinn í Skaftafelli. Sá starfsmaður, sem er arkitekt að mennt, er reyndar utan vébanda stéttarféлага, en ef hann kysi að breyta því, ætti hann vegna þessa starfs rétt til félagsaðildar að Útgarði, en engu af þeim stéttarfélögum, er standa að málsókn þessari.

Í nokkrum tilvikum nær kröfugerð stefnenda yfir stöður, sem gegna starfsmenn, sem vegna starfs síns eða menntunar gætu átt félagsaðild að einhverjum stefnenda, en kjósa nú að standa utan stéttarféлага og eru skv. því ráðherraraðaðir og án verkfallsréttar.

Af hálfu stefnda er ekki staðið á móti því, að ágreiningur um þær stöður, sem þetta á við um, fái efnislega úrlausn í máli þessu, þótt niðurstaða um þær geti ekki breytt neinu að svo stöddu um verkfallsheimildir þessara starfa, og því er ekki byggt á aðildarskorti stefnenda sem sýknuástæðu, að því er slíkar stöður varðar.

Í kröfugerð stefnda felst viðurkenning á því, að starfsheiti endurmenntunarstjóri hjá endurmenntunarnefnd, fjármálastjóri hjá Iðntæknistofnun og skrifstofustjóri hjá Raunvísindastofnun hafi ranglega verið tekin inn á lista yfir forstöðumenn og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall. Við frekari gagnaöflun varðandi þessi störf í tilefni málsóknar þessarar hefur þannig komið í ljós, að rangar staðgengilsstöður voru auglýstar hjá Iðntæknistofnun og hjá Raunvísindastofnun.

Þá hafa gögn varðandi endurmenntunarnefnd og upplýsingar um fjármögnun starfsemi þessarar leitt í ljós, að ákvæði laga nr. 96/1986 geta ekki að svo stöddu tekið til þessarar starfsemi. Í 2. gr. þeirra laga eru greind þau skilyrði þess, að lögin geti tekið til starfsmanna annarra stofnana en stofnana ríkis eða sveitarfélaga, að stofnun sé á fjárlögum og að viðkomandi stofnun samþykki, að lögin taki til starfsmanna, en í því felst, að stofnunin afhendi fjármálaráðherra umboð til að gera kjarasamninga fyrir sína hönd. Upplýst hefur verið, að ekki hefur verið veitt fé til þessarar starfsemi á fjárlögum né sótt um það, og er allur rekstur starfseminnar, þ. á m. laun endurmenntunarstjóra, kostaður af námskeiðsgjöldum og framlögum samningsaðila, sbr. grein 5 c. Þegar af þeirri ástæðu er fallist á, að starfið verði fellt út af listanum. Komi hins vegar til breytinga á starfsemi Endurmenntunar, s.s. á greiðslu kostnaðar við starfsemina, eða verði gerð breyting á þeim grundvelli, sem hún starfar eftir, áskilur stefndi sér rétt til að taka starf endurmenntunarstjóra á ný inn á lista yfir forstöðumenn og staðgengla, sem er óheimilt að gera verkfall.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Ágreiningi um stöður (starfsheiti) og lögfræðileg álitaefni þeim tengd sýnist mega skipta í fjóra flokka:

1. Starfsheiti á listanum, sem deilt er um vegna ágreinings málsaðila um það, hvort ákvæði 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. nr. 38/1954, sbr. 1. gr. l. nr. 90/1986, taki beint til allra þeirra stjórnisýslu-

stofnana og atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins, sem ekki eru sérstaklega upp talin í 1.-4. tl. greinarinnar.

2. Starfsheiti á listanum, sem deilt er um vegna ágreinings um það, hvort stöður eigi heima á listanum skv. 7. tl. 2. mgr. 29. gr., þar sem þessum stöðum verði jafnað til forstöðumanna og staðgengilsstarfa, sem falla undir ákvæði 5. eða 6. tl.

3. Starfsheiti á listanum, sem deilt er um vegna ágreinings um það, hvort á listann eigi að taka forstöðumenn og staðgengla þeirra, sem ráðnir eru hjá stofnunum, sem ekki teljast til ríkisstofnana, en lög nr. 94/1986 taka til skv. 2. grein þeirra.

4. Ágreiningur um auglýstar staðgengilsstöður. Sá ágreiningur er í raun tvíþættur. Annars vegar er hann til kominn vegna ágreinings um, hvort auglýsa megi stöður, sem ekki eru setnar, og hins vegar er ágreiningurinn til kominn vegna þess, að stefnendur bera brögð á, að auglýst staða sé í reynd staðgengilsstaða.

Mál stefnenda sýnist á því byggt, að skýra beri þröngt ákvæði 1. tl. 19. gr. laga nr. 96/1986, sbr. 5.-7. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. l. 90/1986, er banna, að þeir félagsmenn í stéttarfélögum, er gegna störfum forstöðumanna og staðgengla þeirra, taki þátt í verkfalli. Sérstök rök þurfi til að koma til að undanskilja stöður verkfallsheimild, þannig, að veigamiklir hagsmunir séu tengdir starfseminni. Þá falli minni háttar stofnanir utan við gildisvið 5. og 6. tl. 29. gr. laga nr. 38/1954, enn fremur undirstofnanir á vegum ríkisstofnana, svo og geti hvorki nefndir né ráð talist til stofnana og fyrirtækja í skilningi þessara ákvæða.

Engan veginn verður séð, að stefnendur séu sjálfir samkvæmir þessum sjónarmiðum, sem þeir halda fram. Þannig sjá þeir t.d. ekki ástæðu til að mótmæla sem slíkum öllum stofnunum Háskóla Íslands, sem félagsaðild forstöðumanna veiti þó þeim fyrirvar til. Stefnendur viðurkenna þannig með mótmælum gegn staðgengli eingöngu, að Raunvísindastofnun falli undir 5.-7. tl. og engu öðru haldið fram í greinargerð. Þá er ekki mótmælt þeim háskólastofnunum, sem starfa samkvæmt sérstökum lögum, þ.e. Stofnun Árna Magnússonar, sbr. lög nr. 70/1972, og Tilraunastöð Háskólans í meinafræðum á Keldum, sem heyrir undir læknadeild, sbr. lög nr. 11/1947 né Stofnun Sigurðar Nordals (1,5 stm.) og Íslenskri málstöð, en hún er skrifstofa íslenskrar málnefndar, sem starfar skv. l. nr. 80/1984 (2,5 stm.). Stefnendur mótmæla ekki veiðistjóra (3 stm.),

og FÍN hefur áður viðurkennt og nú fallið frá mótmælum gegn því, að tilraunastjórar RALA falli undir 5.-7. tl. Jafnréttisráði, sem er fjölskipað stjórnvald, sbr. 13. gr. 1. 65/1985, þar sem einkaaðilar skipa beint fimm af sjö mönnum, er ekki heldur mótmælt (3 stm.) né atvinnuleysistryggingasjóði (2 stm.).

Stefndi getur ekki heldur samsinnt þessum lagasjónarmiðum, sem nú er haldið fram af hálfu stefnenda.

Í því sambandi er vakin athygli á því, að hvergi er í orðalagi ákvæðis 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 90/1986, gerð sú takmörkun á þeim störfum, er fallið geta undir 5. og 6. tl., að um sé að ræða störf, sem sérstakir hagsmunir tengjast, eða um sé að ræða störf við stærri stofnanir eða fyrirtæki. Af orðalaginu verður ekki heldur ráðið, að undirstofnanir ríkisstofnana falli þar utan við, né heldur, að fjölskipuð stjórnvöld, nefndir og ráð, sem skipuð eru eftir tilnefningum ýmissa aðila, teljist ekki til stjórnsýslustofnana eða fyrirtækja í skilningi ákvæðanna.

Ákvæði 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr., sem skýra ber samkvæmt orðanna hljóðan, taka því beint til allra stjórnsýslustofnana, atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins. Ákvæði 7. tl. styður ekki heldur sérstaklega þau sjónarmið stefnenda, að lög-gjafinn hafi þrátt fyrir ótvírætt orðalag 5. og 6. tl. ætlast til þeirra takmarkana á gildissviði þeirra, sem stefnendur halda fram. Í 7. tl. er einmitt þvert á móti bannað verkfall annarra starfsmanna, er gegna embættum, sem öldungis verði jafnað til embætta þeirra manna, sem getið er í 1.-6. tl. 29. gr. Lögskýringargögn með lögum nr. 90 og 94/1986 styðja einnig, að ákvæðum 5. og 6. tl. hafi verið ætlað að taka beint til hvers konar stjórnsýslustofnana og fyrirtækja ríkisins svo og að 7. tl. sé ætlað m.a. að ná til þeirra stjórnunarstarfa, sem hliðstæð eru, þótt þau feli ekki í sér forstöðumennsku yfir sérstakri stofnun eða fyrirtæki.

Í mörgum tilvikum sé fyrst nú haldið uppi mótmælum gegn stofnunum og stöðum við þær, sem teknar voru inn á lista þann, sem birtur var með auglýsingu nr. 42/1988, á þeim grundvelli, að stofnanirnar eða svið innan þeirra falli ekki undir ákvæði 5.-7. tl. 2. mgr. 29. gr. 1. nr. 38/1954 m.s.br. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnendur geti ekki nú rutt út þessum stöðum, sem þar um ræðir, og að stefnendur séu því þegar af þeirri ástæðu bundnir

við það, að þessir forstöðumenn og staðgenglar þeirra séu á listanum. Í því sambandi skal á það bent, að í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 kemur fram sú regla, að mótmælum gegn skrá, sem gerðar eru yfir þau störf, sem verkfallsheimild nær ekki til, skuli án tafar í kjölfar birtingar skrár komið á framfæri. Þar kemur einnig skýrt fram, að ekki verður hróflað við skrá að þeim fresti liðnum og að réttur til mótmæla gegn síðari birtingu starfa á skrá takmarkist við breytingar á þeim. Andmæli stefnenda varðandi þessi starfsheiti eru því of seint fram komin, og þeir eru með tómlæti sínu orðnir bundnir við, að þessi starfsheiti séu á listanum. Í þessu sambandi skal enn fremur vakin athygli á því, að hvorki Stéttarfélag lögfræðinga í ríkisþjónustu (SLÍR) né Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) freistuðu þess að láta reyna á starfsheiti við Verðlagsráð sjávarútvegsins eða Hollustuvernd í verkfallinu 1989, sbr. dskj. nr. 37. Þvert á móti setti FÍN forstöðumann sinn á lista, sem félagið gerði yfir starfsmenn, sem ekki ynnu í verkfalli.

Tómlæti stefnenda við að halda uppi þessum andmælum strax 1988 leiðir þannig þegar til þess, að sýkna beri af kröfum stefnenda um, að eftirfarandi starfsheiti verði felld út af listanum:

Reiknistofnun H.Í. - deildarstjóri; Orðabók Háskólans - forstöðumaður; Örnefnastofnun - forstöðumaður; Fiskifélag Íslands - skrifstofustjóri; Verðlagsráð sjávarútvegsins - framkvæmdastjóri; og Hollustuvernd ríkisins - forstöðumenn.

Verður þá nánar vikið að því, hvernig málsástæður og lagasjónarmið stefnda horfa við starfsheitum hjá hverri stofnun fyrir sig, sem ágreiningur er um.

Háskólastofnanir:

Um háskólastofnanirnar, sem eru Háskólabókasafn, Mannfræðistofnun, Reiknistofnun, Verkfræðistofnun og Orðabók háskólans, gilda að miklu leyti sömu lagareglur, og verður því fyrst gerð grein fyrir þeim rökum, sem taka almennt til allra þessara stofnana.

Í lögum um Háskóla Íslands nr. 77/1979, sbr. lög nr. 8/1985, er gert ráð fyrir því, að við Háskóla Íslands starfi sérstakar háskólastofnanir og fyrirtæki undir yfirumsjón háskólaráðs, sbr. 3. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 36. gr.

Í 2. mgr. 9. gr. er kveðið á um, að við háskólann starfi rannsóknarstofnanir samkvæmt ákvörðun háskóladeilda og háskólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra, og skuli þær að jafnaði

heyra undir háskóladeild. Í reglugerð eða samþykktum megi kveða á um starfssvið, stjórn og tengsl við háskóladeild og háskólaráð.

Af þessum ákvæðum í háskólalögum leiðir, að þessar stofnanir háskólans teljast lögum samkvæmt sérstakar ríkisstofnanir. Samkvæmt því falla þær stofnanir háskólans, sem um er deilt í málinu, beint undir 5. eða 6. t.l. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, en verði ekki á það fallist, er til vara byggt á því, að störfín falli undir 7. t.l.

Verður þá vikið sérstaklega að starfssviði, lagagrundvelli, gögnum og viðbótarmálsástæðum umfram það, sem greinir hér að framan, þar sem það á við um hverja háskólastofnun fyrir sig.

Háskólabókasafn: - *háskólabókavörður. FHK.*

aðstoðarháskólabókav. FHK. -

Háskólabókasafn telst vera háskólastofnun, sbr. 3. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 36. gr. háskólalaga nr. 77/1979 og 64.-65. gr. auglýsingar um reglugerð Háskóla Íslands nr. 78/1979. Safninu er enn fremur sem sérstakri stofnun falin verkefni í öðrum lögum, en skv. 10. gr. laga nr. 43/1977 skal það ásamt Landsbókasafni og Amtsbókasafninu á Akureyri varðveita eintak af skyldueintaki til safna.

Mannfræðistofnun: - *forstöðumaður. FHK. -*

Stofnunin starfar skv. rgl. nr. 233/1974 um Mannfræðistofnun Háskóla Íslands. Stofnunin annast mannfræðilegar rannsóknir sbr. 2. gr. Yfir stofnuninni er sérstök 7 manna stjórn, sbr. 3. gr. Menntamálaráðherra skipar forstöðumann, sbr. 5. gr.

Reiknistofnun: - *deildarstjóri. SFR. -*

Reiknistofnun starfar skv. rgl. nr. 62/1976. Stofnunin er þjónustustofnun, sem rekur reiknimiðstöð og annast þjónustu á því sviði við nemendur, starfsmenn háskólans og stofnanir háskólans. Aðilar utan háskólans geta einnig keypt þjónustu hennar. Hún hefur enn fremur með höndum fræðslustarfsemi, sbr. nánar 2. gr. Rekstur hennar er kostaður af sértekjum og fjárveitingum á fjárlögum. Yfir stofnunina er sett sérstök 5 manna stjórn, og er forstöðumaður skipaður af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn að fengnum tillögum háskólaráðs, sbr. 3. gr.

Í innsendum mótmælum og í kröfugerð í stefnu beindust mótmæli eingöngu að auglýstri staðgengilsstöðu. Stefnendur áréttuðu þannig viðurkenningu sína á því, að stofnunin félli undir 5.-7. t.l., og eru bundnir við þann grundvöll í máli þessu. Í greinargerð byggja stefnendur mótmæli sín hins vegar á því, að Reiknistofnun teljist

ekki stofnun. Engan veginn fær staðist að hafa uppi kröfu um, að staðgengill verði felldur brott, en á sama tíma að fallast á, að forstöðumaður, Helgi Þórsson, sem FHK á aðild að til að mótmæla, sé á listanum. Ekki er fallist á, að stefndur geti söðlað gersamlega um málsástæður og lagagrundvöll þann, sem þeir sjálfir mörkuðu málinu frá upphafi, að því er þessa stofnun varðar, og er því mótmælt, að þær málsástæður og lagagrundvöllur, sem reifaður er í greinargerð þeirra, fái komist að.

Um sérstaka sýknuástæðu vegna aðildarskorts og vegna tómlætis gagnvart lista nr. 42/1988 vísast til umfjöllunar hér að framan.

Verkfræðistofnun: - *forstöðumaður. FHK.* -

Verkfræðistofnun starfar skv. rgl. nr. 404/1977 og heyrir undir Verkfræði- og raunvísindadeild. Hún hefur með höndum rannsóknir á sviði tækni- og verkvísinda, samræmingu rannsókna o.fl., svo sem nánar greinir í 2. gr. Stjórn stofnunarinnar er skipuð 4 mönnum, 3 kjörnum af deildarráði og 1 af félagi verkfræðinema. Formaður stjórnar er jafnframt forstöðumaður, sbr. 4. gr.

Orðabók háskólans: - *forstöðumaður. FHK.* -

Orðabókin starfar skv. rgl. nr. 271/1979 og heyrir undir rektor og háskólaráð, sbr. 1. gr. Hlutverk hennar er að safna efni og semja sögulega íslenska orðabók frá upphafi prentaldar á Íslandi og að því loknu önnur skyld verkefni. Orðabókarstjórn, sem skipuð er 5 mönnum, hefur á hendi yfirstjórn orðabókarinnar á vegum rektors og háskólaráðs sbr. 3. gr. Menntamálaráðherra ræður fasta starfsmenn, sbr. 4. gr.

Um sérstaka sýknuástæðu vegna tómlætis gagnvart lista nr. 42/1988 vísast til umfjöllunar hér að framan.

Verður þá vikið að umfjöllun um starfssvið, lagagrundvöll og málsástæður varðandi stöður við aðrar stofnanir en háskólastofnanir:

Örnefnastofnun: - *forstöðumaður. FHK.* -

Örnefnastofnun var sett á fót 23. júní 1969, og skyldi hún starfa sem deild í Þjóðminjasafninu skv. heimild til að skipta þjóðminjasafninu í deildir sbr. 8. gr. Þágildandi þjóðminjalaga nr. 52/1969. Tilgangurinn með stofnun hennar var að sameina í henni þau störf, sem unnin höfðu verið á því sviði á vegum Hins íslenska fornleifafélags og Þjóðminjasafnsins. Verkefni hennar er að safna íslenskum örnefnum, rannsaka þau og birta um þau skrár.

Frá upphafi hefur Örnefnastofnun haft aðskilinn fjárhag og reikningshald frá Þjóðminjasafninu. Stjórn málefna hennar og rekstur hefur algerlega verið aðskilin frá stjórnun Þjóðminjasafns og forstöðumaður hennar farið með þau mál. Í fjárlögum 1984 voru fjárveitingar veittar sjálfstætt til hennar og þannig algerlega aðgreindar frá fjárveitingum til Þjóðminjasafns, en fram til þess tíma hafði hún komið sem sérstakur viðfangsefnaður í fjárveitingum til safnsins. Í reynd hefur stofnunin þannig starfað sem algerlega sjálfstæð stofnun, þótt formlega hafi aldrei verið breytt þeirri lagastöðu, sem henni var mörkuð upphaflega, að stofnunin starfaði sem sérstök deild í Þjóðminjasafni. Með gildistöku nýrra þjóðminjalaga hinn 1. janúar sl., sbr. lög nr. 88 frá 29. maí 1989, voru gerðar breytingar á stjórnun og skipulagi þjóðminjavörslu og sett á fót sérstakt þjóðminjaráð, sem fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu og er stjórnarnefnd Þjóðminjasafns. Í 5. gr. er kveðið á um deildir safnsins og tilteknar deildir Þjóðminjasafns sem slíks lögfestar, en deildaskipting að öðru leyti falin þjóðminjaráði til ákvörðunar. Örnefnastofnun er ekki þar talin til lögskyldra deilda safnsins. Í bréfi menntamálaráðuneytis, dags. 3. maí 1990, kemur fram, að ekki er fyrirhugað að gera breytingar á starfsemi stofnunarinnar, og fjárveiting til hennar var samþykkt í árslok 1989 á fjárlögum fyrir árið 1990 með sama hætti og verið hefur frá 1984.

Í ljósi þess, sem að ofan greinir, starfar Örnefnastofnun sem sérstök vísindaleg rannsóknarstofnun og ætti því sem slík að falla beint undir 5. tl. 29. gr. 1. nr. 38/1954 m.s.br. Jafnvel þótt talið yrði, að það ákvæði ætti ekki beint við, er ljóst, að viðfangsefni stofnunarinnar og sjálfstæði er með þeim hætti, að starfi forstöðumanns hennar er öldungis sambærilegur við störf forstöðumanna við þær háskólastofnanir, sem sinna rannsóknum í íslensku, og skv. því fellur stofnunin ótvírætt undir ákvæði 7. tl.

Varðandi sérstaka sýknuástæðu vegna tómlætis gagnvart lista nr. 42/1988 vísast til umfjöllunar að framan.

Landsbókasafn - deildarstjóri stg. forstmans.

FÉL. ÍSL. FRÆÐA. -

Mótmæli stefnenda við þessari stöðu byggjast á því, að sá deildarstjóri, sem jafnframt var staðgengill, sé látinn og staðgengilsstaðan sé ekki setin. Varðandi sjónarmið mín um frávisun á kröfu þessari og um sýknu vegna aðildarskorts vísast til þess, sem áður greinir.

Verði ekki á þau sjónarmið fallist, er á því byggt, að þessi laga-túlkun stefnenda fái ekki staðist. Í því sambandi skal á það bent, að í 19. gr. laga nr. 90/1986 og í 2. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 90/1986, er byggt á því, að tekin séu á skrá þau störf, sem eru undanþegin verkfallsheimild. Engu skiptir, þó að mannskripti verði í stöðunni, eftir að listi er gerður, né að sú staða, sem er undanþegin verkfallsheimild, sé ekki setin. Reglan er að þessu leyti breytt frá því, sem var í gildistíð laga um kjarasamninga Bandalags ríkis og bæja, sbr. lög nr. 31/1976 um breyting á 29. gr. l. nr. 38/1954, sem byggði á því, að skrá ætti nöfn þeirra manna, sem ekki nytu verkfallsréttar.

Í auglýsingunni er auglýst staða deildarstjóra, sem hefur með höndum staðgöngu fyrir forstöðumann. Slík föst staðgengilsstaða, er tengd er stöðu deildarstjóra, hefur verið viðurkennd við safnið, og engin breyting var fyrirhuguð þar á, er auglýsingin var gefin út.

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli - Þjóðgarðsvörður. UTAN FÉL. -

Þjóðgarður í Skaftafelli var stofnaður með rgl. nr. 229/1968. Um starfsemi hans gildir nú 25. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd. Náttúruverndarráð fer með stjórn þjóðgarða og setur reglur um meðferð þeirra og umgang almennings. Gildandi reglugerð um þjóðgarðinn er nr. 319/1984. Samkvæmt 3. gr. þeirrar reglugerðar ræður Náttúruverndarráð þjóðgarðsvörð, sem skal vera búsettur í Skaftafelli, til að fara með daglega stjórn þjóðgarðsins, bæði gagnvart starfsmönnum, gestum og þeim aðilum, er annast rekstur í þjóðgarðinum. Þjóðgarðsvörður hefur skv. 5. gr. vald til að loka garðinum fyrirvaralaust, ef að steðjar vá eða hann telur dvöl manna geta spillt gróðri og jarðmyndun. Um sumartímann starfa 6-10 manns undir stjórn þjóðgarðsvarðar, en auk hans er eftirlitsmaður í 3/4 úr starfi allt árið. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að líta beri á þjóðgarðinn sem sérstaka stofnun, sem sett er undir stjórn Náttúruverndarráðs. Samkvæmt því falli hann undir ákvæði 5.-6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. nr. 38/1954 m.s.br., en til vara er byggt á því, að starfi þjóðgarðsvarðar falli undir 7. tl.

Vísindasjóður - framkvæmdastjóri. UTAN FÉLAGA -

Um Vísindaráð og Vísindasjóð gilda lög nr. 48/1987 um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknarráð ríkisins og Rannsóknasjóð. Vísindaráð er skv. 1. gr. þeirra laga sjálfstæð ríkisstofnun. Verksvið þess er greint í 2. gr. laganna, en þar kemur fram, að auk þess að

fara með fjárvörslu Vísindasjóðs og veita styrki úr honum, hefur Vísindaráð m.a. eftirlit með rannsóknum erlendra vísindamanna hér á landi á starfssviði þess, og það fer fyrir Íslands hönd með samstarf við hliðstæðar stofnanir erlendis. Samkvæmt því fellur starf framkvæmdastjóra undir 5.-6. tl. 29. gr. 1. nr. 38/1954 m.s.br.

Ráðning í þá stöðu, sem heimiluð er í 6. gr. laganna, var fyrst ákveðin frá 1. maí 1988 og þá 37,5% staða. Nú er heimiluð 1/2 staða framkvæmdastjóra. Starfinu gegnir maður, sem að aðalstarfi er prófessor við Háskóla Íslands og, að því er það starf varðar, í félagi háskólakennara, en það félag fer ekki með samningsumboð varðandi starfið við Vísindaráð, og er hann utan stéttarfélaga, hvað það varðar.

Skógrækt ríkisins - skógarverðir. FÍN/SFR. -

Samkvæmt lögum nr. 3/1955 um skógrækt, 4. gr., eru skógarverðir settir yfir skógarjarðir ríkisins hver á sínu svæði og annast framkvæmdir á sviði skógræktar á þeim jörðum. Enn fremur hafa þeir með höndum eftirlit um meðferð skóga og kjarrs hver á sínu landssvæði. Störfin fela því í sér forstöðu á sviði stjórnsýslu og fyrir atvinnu- og þjónustufyrirtækjum Skógræktar ríkisins og falla því undir ákvæði 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. 1. nr. 38/1954 m.s.br.

Í starfslýsingu kemur fram, að þeir hafa umsjón með og bera ábyrgð á fjármálum og starfsemi og eignum Skógræktarinnar hver á sínu starfssvæði. Þá annast þeir auk þess framkvæmd rannsóknaverkefna undir faglegrri stjórn forstöðumanns Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá. Af því, sem fyrir liggur um störf og ábyrgð, er ljóst, að starfi skógarvarða uppfyllir, hvað svo sem öðru líður, skilyrði 7. tl. 29. gr., að því verði jafnað til forstöðumannsstarfa, sem koma undir ákvæði 5. og 6. tl. Fjöldi starfsmanna undir stjórn skógarvarða er breytilegur eftir árstímum og svæðum, en á Austurlandi, sem er umfangsmesta starfið, eru 8-34 starfsmenn undir stjórn skógarvarðarins eftir árstímum, sem er umtalsvert fjölmennara en t.d. mannaforráð tilraunastjóra við tilraunastöðvar RALA.

Skógarverðir eru í tveimur stéttarfélögum, SFR og FÍN. Aðeins einn þeirra, skógarvörðurinn á Vesturlandi norðan Hvítár og á Vestfjörðum, er í FÍN. Aðild stefnenda nær því aðeins til þess starfs. Leiðir það til þess, að sýkna ber af kröfum stefnenda um brottfellingu annarra skógarvarðastarfa vegna aðildarskorts, verði ekki fallist á, að störfin falli undir 5.-7. tl.

*Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá -**forstöðumaður. FÍN -*

Rannsóknarstöðin starfar samkvæmt reglum nr. 114/1968. Verksvið hennar er fyrst og fremst að starfa að rannsóknnum, sem hafa hagnýta þýðingu fyrir skógrækt og trjárækt á Íslandi. Rannsóknarstöðin er sett á fót sem sérstök deild innan Skógræktar ríkisins, en mörkuð þar algerlega sjálfstæð staða við stofnunina. Þannig er sett yfir hana sérstök stjórnarnefnd, sbr. 3. gr. Í 7. og 8. gr. er kveðið á um, að rannsóknarstöðin hafi sjálfstæðan fjárhag, og sérstaklega tekið fram, að skógræktarstjóri geti falið henni sérverkefni í þágu Skógræktar ríkisins sem hún taki, ef þau samrýmast verksviðum stöðvarinnar. Staða hennar er slík, að hún telst sérstök stofnun í skilningi 5.-6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954 m.s.br. Starfssvið rannsóknarstöðvarinnar á sér að sínu leyti hliðstæðu í t.d. rannsóknastofnunum, sem starfa í þágu atvinnuveganna. Starf forstöðumanns, sem felur í sér bæði faglega og fjárhagslega ábyrgð, uppfyllir því a.m.k. tvímælalaust það skilyrði 7. tl., að því verði jafnað til starfa, sem falla undir 5. og 6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. nr. 38/1954 m.s.br.

Sauðfjárveikivarnir - deildarstjóri (dýralæknir). DÝRAL. -

Staðan er auglýst á þeim grundvelli, að hún feli í sér stjórnunarstörf á sérfræðisviði, er falli undir 7. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954 m.s.br. Í lögum nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra eru verkefni við að hindra útbreiðslu tiltekinna sauðfjársjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra falin sauðfjársjúkdómanefnd undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Verkefni nefndarinnar eru annars vegar á sviði heilbrigðiseftirlits og rannsókna og hins vegar framkvæmd ýmissa útrýmingar, og varnaraðgerða, sbr. nánar 5. gr. laganna. Í 4. gr. laganna er kveðið á um, að landbúnaðarráðherra skipi sauðfjársjúkdómanefnd framkvæmdastjóra, er annast dagleg störf og framkvæmdir, eftir því sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

Deildarstjórinn er sérfræðingur sauðfjársjúkdómanefndar og faglegur ráðgjafi hennar og framkvæmdastjóra. Hann fer með faglega stjórn og ber ábyrgð á þeim þætti í framkvæmd nefndarinnar, sem snýr að heilbrigðiseftirliti og rannsóknnum. Þeim störfum er sinnt á rannsóknardeild, sem rekin er á vegum Sauðfjárveikivarna

við Tilraunastöðina á Keldum. Stöður við Sauðfjárveikivarnir eru alls 8, og þar af eru 7 stöður við rannsóknarstofu, og starfsmenn þar starfa allir undir stjórn deildarstjórans. Þótt starfi hans feli ekki í sér stjórnun fjármála, felst í starfi hans ábyrgð á sérfræðistörfum og rannsóknum, sem eru grundvallarþættir í öllum framkvæmdum sauðfjársjúkdómanefndar. Samkvæmt því er talið, að starfi hans falli undir 7. tl. 2. mgr. 29. gr. 1. nr. 38/1954. Fagleg stjórnunarstörf eins og þetta starf deildarstjórans á sér t.d. hliðstæðu í störfum forstöðumanna við Hollustuvernd ríkisins.

Fiskifélag Íslands: - skrifstofustjóri. VIÐSK.FR. -

Fiskifélag Íslands veitir ríkisvaldinu margvíslega þjónustu samkvæmt lögum. Meðal verkefna þess er framkvæmd laga nr. 55/1941 um afla- og útgerðarskýrslur. Verkefni á því sviði eru þjóðfélagslega mikilvæg. Þannig eru þær upplýsingar, sem Fiskifélagið aflar og vinnur úr skv. þeim lögum, grundvöllur að öllu eftirliti með því, að aflamagn sé innan þeirra takmarka, sem ákveðin eru samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða. Fiskifélag Íslands uppfyllir þau skilyrði, sem sett eru í 2. gr. kjarasamningalaganna nr. 94/1986, að það starfar í almannabágu, er á fjárlögum, og það hefur samþykkt, að lögini taki til starfsmanna sinna, og þar með falið fjármálaráðherra að gera kjarasamninga við stéttarfélög þeirra fyrir sína hönd.

Starfa fiskimálastjóra hjá Fiskifélagi Íslands í þágu ríkisins og staðgengli hans í þeim störfum verður fyllilega jafnað til forstöðumannsstarfa hjá stjórnsýslustofnunum og atvinnu- og þjónustufyrirtækjum ríkisins, sem falla undir ákvæði 5.-6. tl. í 19. gr. kjarasamningalaganna er að vísu hvergi með berum orðum vikið að starfsmönnum þeirra stofnana, sem koma undir lögini skv. 2. gr. Af 19. gr. verður hins vegar ekki annað ráðið en að um þessa starfsmenn gildi sömu reglur um takmarkanir á verkfallsheimild og um starfsmenn ríkis og sveitarfélaga annars. Samkvæmt því eiga ríki og sveitarfélög að taka þessa starfsmenn með á þeim listum, sem þeim ber að gefa út. Þannig verða ákvæði og orðalag III. kafla laganna ekki skilin öðruvísi en svo, að starfsmenn slíkra stofnana sem það á við um, falli beint undir takmarkanir á verkfallsheimildum skv. 3. tl. 19. gr. vegna nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu, og hafa þeir starfsmenn, sem það á við um, sbr. t.d. starfsmenn Styrktarfélags vangefinna, Skálatúns í Mosfellssveit

og Sólheima í Grímsnesi, ávallt verið teknir á þá lista, sem ríkið hefur gert á grundvelli þess töluliðar.

Af orðalagi 6. tl. 19. gr. verður ekki heldur annað ráðið en forstöðumenn slíkra stofnana komi beint undir það ákvæði, starfi stofnunarinnar á vegum sveitarfélags. Engin rök standa heldur til annars en að sömu takmarkanir gildi um verkfallsheimildir þessara forstöðumanna og gilda annars um forstöðumenn ríkisins sjálfs, starfi stofnunarinnar í þágu ríkisins. Þótt lög nr. 38/1954 taki ekki beint til annarra en starfsmanna ríkisins, leiða þó þau beinu tengsl, sem eru milli annars vegar 2. mgr. 29. gr. þeirra laga og hins vegar 19. gr. kjarasamningalaganna nr. 94/1986 og 19. gr., sbr. 2. gr. þeirra laga, til þess, að ákvæði 7. tl. 2. mgr. 29. gr. l. nr. 38/1954 ber að beita, annaðhvort með rýmkandi lögskýringu eða löggjöfnun, um þá forstöðumenn sjálfseignarstofnana, sem starfa í þágu ríkisins og hafa með höndum störf, sem verði jafnað til forstöðumanna starfa ríkisins, sem falla undir 5.-6. tl. 2. mgr. 29. gr. l. 38/1954 m.s.br.

Varðandi sérstaka sýknuástæðu vegna tómlætis gagnvart lista nr. 42/1988 vísast til umfjöllunar að framan.

Verðlagsráð sjávarútvegsins: - framkvæmdastjóri. SLÍR -

Verðlagsráð sjávarútvegsins starfar skv. lögum nr. 43/1985. Aðalverkefni Verðlagsráðs er að ákveða lágmarksverð á sjávarafli, fylgjast með markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum og safna gögnum um framleiðslukostnað einstakra greina veiða og vinnslu, sbr. 6. gr. Samkvæmt 1. gr. laganna skipar sjávarútvegsráðherra Verðlagsráð. Verðlagsráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða framkvæmdastjóra og annað starfsfólk, er annist dagleg störf, eftir því sem þörf krefur. Samkvæmt 12. gr. laganna ákveður sjávarútvegsráðherra verðlagsráðsmönnum þóknun fyrir störf þeirra, og greiðist hún úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið og starfsemi þess. Verðlagsráð er þannig ótvírætt ríkisstofnun, og störf framkvæmdastjóra þess falla beint undir ákvæði 5. tl. 2. mgr. 29. gr. laga 38/1954 m.s.br., en til vara er byggt á því, að það falli undir 7. tl.

Varðandi sérstaka sýknuástæðu vegna tómlætis gagnvart lista nr. 42/1988 og síðar vísast til umfjöllunar að framan.

Hollustuvernd ríkisins - forstöðumenn. FÍN/VERKFR. -

Hollustuvernd ríkisins var sett á fót með lögum nr. 50/1981 til

að sameina í eina stofnun þá starfsemi og stofnanir, sem lutu að hollustuvernd. Í þeim lögum og í gildandi lögum um Hollustuvernd ríkisins nr. 81/1988 er starfi þeirra stofnana, sem þannig voru sameinaðar, skipað í fjögur stjálfstæð svið innan stofnunarinnar, sem eru heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofa, mengunarvarnir og eiturefnaeftirlit, og starfar forstöðumaður yfir hverju sviði, sbr. 17. og 19. gr. Við stofnunina starfar framkvæmdastjóri, sem annast fjármálalega stjórnun og stjórn almennrar skrifstofu. Forstöðumenn og framkvæmdastjóri sitja fundi stjórnar Hollustuverndar ríkisins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Starfsmenn við hin ýmsu svið stofnunarinnar eru ýmist ráðnir af stjórn Hollustuverndar að fengnum tillögum viðkomandi forstöðumanns eða ráðnir af viðkomandi forstöðumanni í samráði við framkvæmdastjórn stjórnar Hollustuverndar, sbr. 20. gr. Framkvæmdastjóri ræður skrifstofufólk. Af þessum ákvæðum leiðir, að þeim valdheimildum og ábyrgð, sem felast í forstöðumennsku, er lögum samkvæmt, að því er þessa stofnun varðar, komið fyrir í fimm jafnsettum störfum.

Hollustuvernd ríkisins er ríkisstofnun á sviði stjórnsýslu og þjónustu og störf forstöðumanna við hana falla skv. því, sem á undan greinir, beint undir ákvæði 5.-6. tl. 2. mgr. 29. gr., en til vara er byggt á því, að þau falli undir 7. tl.

Varðandi sérstaka sýknuástæðu vegna tómlætis gagnvart lista nr. 42/1988 vísast til umfjöllunar að framan. FÍN hefur óvefengjanlega fallist á, að forstöðumenn þessir séu undanskildir verkfallsheimild.

*Ríkisspítalar - framkvæmdastjórar sviða
varaframkvæmdastjórar sviða -*

Í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 50/1983 er að finna skilgreiningu á þeim stofnunum, sem teljast sjúkrahús í skilningi þeirra laga í 23. gr. og í 24. gr., flokkun þeirra eftir tegund og þjónustu. Í 29. gr. er kveðið á um, að við hvert sjúkrahús skv. 24. gr. skuli starfa yfirlæknir, hjúkrunarforstjóri og framkvæmdastjóri, er fara með forstöðu hver á sínu sviði. Í 1. mgr. 30. gr. er kveðið á um það, að sjúkrahús þau, sem ríkið á eða starfrækir (ríkisspítalar), skuli vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, en stjórn þeirra að öðru leyti falin 7 manna stjórnarnefnd. Undir þessa sameiginlegu stjórn er því lögum samkvæmt felldur allur sjúkrahúsarekstur á vegum ríkisins, og á hennar vegum hefur

rekstur þeirra stofnana, sem ákvæðið tekur til, og undirstofnana þeirra og fyrirtækja verið skipulagður. Slík lögbundin sameiginleg stjórnarnefnd fyrir sjúkrahús ríkisins, er hafi með höndum skipulagningu á rekstri þessara stofnana, samræmingu þeim til hagsbóta, samvinnu þeirra o.fl., er reyndar ekki ný af nálinni, þar sem slíkt hefur verið við lýði allar götur frá því í lögum um sjúkrahús o.fl. nr. 30/1933, sbr. 9. gr.

Í skipuriti ríkisspítalanna ásamt m.a. ljósritum úr ársskýrslum ríkisspítalanna 1985 kemur fram, að með samþykkt á nýju skipulagi í ársbyrjun það ár er gerð gagnger breyting á rekstri þessara stofnana með sameiningu á starfsemi þeirra í samræmdu, heildstæðu skipulagi. Í hinu nýja skipulagi fyrir starfsemi ríkisspítalanna felst að þeirri starfsemi, sem þar fer fram, er skipt upp í 14 svið eftir sérgreinum læknisfræðinnar eða eðli starfseminnar, en í eldra skipulagi á rekstri ríkisspítalanna var samræming rekstrar þeirra byggð á einstökum stofnunum og húsum. Hverju sviði er stjórnað af framkvæmdastjóra, sem ber ábyrgð gagnvart forstjóra og stjórnarnefnd á því, að allar rekstrarákvarðanir, gæðastaðall og þjónustuumfang innan hvers sviðs séu í samræmi við áætlun.

Af þessum fjórtán sviðum eru átta á sviði lækninga, tvö á sviði hjúkrunar, tvö á sviði rannsókna og tvö á sviði þjónustu við öll svið. Í Ríkishandbók Íslands 1988 er að finna frekari umfjöllun um skipulag ríkisspítalanna, þar á meðal um starfsemi skrifstofu forstjóra og deildir, sem starfa undir hans stjórn.

Þótt ríkisspítalar séu skipulagðir sem ein heildstæð stofnun undir stjórn stjórnarnefndar og framkvæmdastjórn forstjóra, er stofn þeirra þær sjúkrahússtofnanir, sem ríkið rekur á hverjum tíma, og þær stofnanir og fyrirtæki, sem undir þau heyra. Starfsemi sú, sem þessar stofnanir hafa með höndum, er brotin upp og færð undir víðeigandi svið í skipulagi. Nokkur þessara sviða fara með starfsemi, sem fellur að miklu leyti saman við starfsemi þeirra stofnana, sem þannig hafa runnið undir skipulag stjórnarnefndar ríkisspítalanna. Þetta á t.d. við um kvenlækningasvið, sem er myndað úr Kvennadeild Landspítalans, Blóðbanka og meinafræðisvið, sem er myndað úr tveimur stofnunum, þ.e. Blóðbankanum og Rannsóknastofnun háskólans. Barnalækningasvið er að stofni til Barnaspítali kvenfélagsins Hringsins. Stofninn í geðlækningasviði er Kleppspítalinn. Kristnesspítalasvið er myndað úr Kristnesspítala. Kópa-

vogshælisvið er Kópavogshælið. Stöður framkvæmdastjóra Kristnesspítala (SFR) og Kópavogshælis (UF-sálfr.) ásamt nokkrum forstöðumannsstöðum öðrum við stofnanir og fyrirtæki á vegum ríkisspítalanna voru auglýstar í auglýsingu 42/1988 og eru auglýstar á sama hátt í auglýsingu 54/1990.

Samkvæmt yfirliti yfir launakostnað og starfsmannafjölda hinna 14 sviða ríkisspítalanna á árinu 1989 störfuðu 2652 starfsmenn við hin 14 svið, sem gæfi að meðaltali um 190 starfsmenn á hverju sviði. Starfsmannafjöldi á hverju sviði um sig er hins vegar breytilegur. Til dæmis störfuðu við fámennasta sviðið, sem er barnalækningasvið, 24 starfsmenn, en á almennu hjúkrunarsviði, sem er fjölmennast, 789 starfsmenn.

Í ljósi þess, sem að framan greinir um faglega og rekstrarlega ábyrgð framkvæmdarstjóra sviða, er ljóst, að í öllum tilvikum er a.m.k. uppfyllt það skilyrði 7. tl. 2. mgr. 29. gr., að þessum störfum verði jafnað til forstöðumannastarfa, sem falla undir 5. og 6. tl. þeirrar greinar. Samkvæmt þessu og þegar litið er til uppbyggingar ríkisspítalanna úr ýmsum stofnunum, falla störf framkvæmdastjóra sviða og varaframkvæmdastjóra sviða undir 5.-7. tl. 3. mgr. 29. gr. l. nr. 38/1954.

Framkvæmdastjórar og varaframkvæmdastjórar sviða eru í ýmsum stéttarfélögum eða utan þeirra, án þess að þau félög eigi öll aðild að máli þessu. Enginn stefnenda hefur þannig hagsmuna að gæta vegna geðhjúkrunarsviðs né vegna framkvæmdastjóra almenns hjúkrunarsviðs (HFÍ). Læknar, sem eru framkvæmdastjórar við lækningasviðin, skiptast, hvað félagsaðild varðar, að jöfnu milli Læknafélags Íslands/sjúkrahúslæknar, sem er utan BHMR, og Læknafélags Íslands, er semur fyrir fastráðna lækna og er innan BHMR og aðili máls þessa. Aðild stefnenda nær því ekki heldur til hluta af þessum störfum lækna, þ.e. 1) framkvæmdastjóra á: handlækningasviði, kvenlækningasviði, lyflækningasviði, rannsóknarstofusviði, 2) varaframkvæmdastjóra á: barnalækningasviði, geislagreiningar- og krabbameinslækningasviði, blóðbanka- og líffærameinafræðisviði, geðlækningasviði.

Leiðir þetta a.m.k. til þess að sýkna ber af kröfum stefnenda um brottfellingu á þessum stöðum framkvæmdastjóra- og varaframkvæmdastjórasviða vegna aðildarskorts, verði ekki fallist á, að störfin falli undir 5.-7. tl. 29. gr.

Lyfjaverslun ríkisins: - fjármálastjóri. VIÐSKFR. -

Stefnendur mótmæla þessu starfsheiti á þeim grundvelli, að gögn sanni ekki, að fjármálastjóri sé í reynd staðgengill lyfsölustjóra Lyfjaverslunar ríkisins. Staða þessi var auglýst á sama grundvelli og áður var gert í lista nr. 42/1988 sem staðgengilsstaða á stjórnunarsviði. Hinn staðgengillinn er lyfjafræðingur og ráðinn sérstakri ráðningu. Í bréfi lyfsölustjóra lyfjaverslunarinnar staðfestir hann, að fjármálastjóri er staðgengill hans á stjórnunarsviði.

*Vegagerð ríkisins: - framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs
framkvæmdastjóri tæknisviðs -*

Framkvæmdastjóri tæknisviðs er í stéttarfélagi verkfræðinga, en framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs er utan stéttarfélaga, en á rétt til aðildar að stéttarfélagi lögfræðinga.

Þessar stöður eru auglýstar á þeim grundvelli, að störfín séu vegna starfssviðs þeirra og umfangs starfsemi Vegagerðar ríkisins hliðstæð störfum, er falli undir 5.-6. tl. 2. mgr. 29. gr. 1. nr. 38/1954 m.s.br. og falli skv. því undir 7. tl. Gögn varðandi skipulag Vegagerðarinnar eru lögð fram á dskj. nr. 25 og 26. Í skipuriti kemur fram lýsing á þeim verkefnum, sem undir þessa framkvæmdastjóra heyra, en þar kemur fram, að þau eru m.a. á sviði sameiginlegra verkefna og eftirlits með tilteknum þáttum í störfum umdæma. Samkvæmt lista yfir starfsmannafjölda hjá Vegagerð ríkisins hinn 1. janúar sl. starfa 345 manns við þá stofnun. Þessir starfsmenn skiptast þannig, að við umdæmin starfa 239 starfsmenn. Starfsmannafjöldi á umdæmum er frá 24 og upp í 43 starfsmenn. 81 starfsmaður er við tæknisvið, og 19 starfa á stjórnsýslusviði, og 4 starfsmenn eru á skrifstofu vegamálastjóra.

*Veðurstofa Íslands: - yfirdeildarstjóri tækni- og
veðurathugunardeildar. FÍN. -*

Mótmæli gegn þessari stöðu, sem er auglýst sem staðgengilsstaða, byggja stefnendur eingöngu á því, að ósannað sé, að þessi starfsmaður sé staðgengill, eftir að nýr veðurstofustjóri hafi verið skipaður. Í fram lögðum gögnum kemur fram, að yfirdeildarstjóri tækni- og veðurathugunardeildar hefur sjálfkrafa verið staðgengill veðurstofustjóra í öllum skemmri fjarvistum hans um 20 ára skeið og settur veðurstofustjóri í lengri fjarvistum. Þessi fasta staðganga var staðfest með því að auglýsa staðgengilsstarf í auglýsingu nr. 42/1988.

Frávísunarkrafa stefnda beinist að starfsheitanum:

- 1) Deildarstjóri hjá Reiknistofnun.
- 2) Deildarstjóri, staðgengill forstöðumanns, við Landsbókasafn Íslands.
- 3) Þjóðgarðsvörður við þjóðgarðinn í Skaftafelli.

Um 1. Fallast ber á með stefnda, að sá starfsmaður, sem gegnir stöðu þessari, sé félagi í Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Stefnendur hafa því ekki lögvarinna hagsmuna að gæta um verkfallsheimild þessa starfsmanns, og er þessari kröfu vísað frá Félagsdómi.

Um 2 og 3. Ekki verður fallist á, að sjónarmið stefnda leiði til þess, að vísa skuli kröfum þessum frá dóminum, og verður því fjallað efnislega um starfsheiti þessi hér að neðan.

Enda þótt andmæli hafi ekki komið fram við birtingu auglýsingar nr. 42/1988, verður ekki talið girt fyrir það, að stefnendur geti nú borið fram andmæli vegna starfsmanna, sem þar voru teknir á lista og eru enn á núgildandi lista, enda er í 29. gr. laga nr 38/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1986, ekki ákvæði um takmörkun á andmælarétti gagnvart gildandi lista.

Með lögum nr. 94/1986 var lögfest sú meginregla, að þeim starfsmönnum ríkisins, sem lög nr. 38/1954 taka til, sé heimilt að gera verkfall, með þeim takmörkunum einum, sem tiltekna eru í settum lögum. Af því leiðir, að ákvæði um undantekningar frá þessari meginreglu lúta þrengjandi lögskýringu. Lögjöfnun skv. 7. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954 er því einungis tæk, að um fullkomna lögjöfnun sé að ræða.

Verður nú fjallað um einstakar stofnanir.

Menntamálaráðuneyti.

Háskólabókasafn.

Háskólabókavörður.

Aðstoðarháskólabókavörður.

Samkvæmt 1. og 5. mgr. 36. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands hefur háskólaráð yfirumsjón með háskólabókasafni og setur reglur um stjórn þess og fær háskólabókaverði erindisbréf. Með hliðsjón af þessu telst háskólabókasafn hvorki vera stjórnsýslustofnun ríkisins, sem fellur undir 5. tl., né atvinnurekstrar- eða þjónustufyrirtæki ríkisins, sem fellur undir 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954. Ber því að fella starfsheiti þessi út af listanum í auglýsingu nr. 54/1990.

Mannfræðistofnun.

Forstöðumaður.

Reglugerð nr. 233/1974 ber með sér, að þetta sé stofnun, sem falli hvorki undir 5. né 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Verkfræðistofnun H.Í.

Forstöðumaður.

Reglugerð nr. 404/1977 ber með sér, að þetta sé stofnun, sem falli hvorki undir 5. né 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Endurmenntunarnefnd H.Í.

Endurmenntunarstjóri.

Stefndi hefur fallist á kröfur stefnanda, og ber því þegar af þeirri ástæðu að fella starfsheitið út af listanum.

Raunvísindastofnun háskólans.

Skrifstofustjóri.

Stefndi hefur fallist á kröfur stefnanda, og ber því þegar af þeirri ástæðu að fella starfsheitið út af listanum.

Orðabók háskólans.

Forstöðumaður.

Reglugerð nr. 271/1979 ber með sér, að þetta sé stofnun, sem falli hvorki undir 5. né 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Örnefnastofnun.

Forstöðumaður.

Bréf menntamálaráðherra dags., 23. júní 1969, um þessa stofnun, sem enn er í fullu gildi, ber með sér, að þetta sé ekki stofnun, sem falli undir 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Landsbókasafn Íslands.

Deildarstjóri.

Undir rekstri máls þessa var lagt fram skjal, sem ber með sér, að nafngreindum deildarstjóra í handritadeild safnsins hafi verið falið að gegna stöðu sem staðgengill landsbókavaraðar. Þegar auglýsing nr. 54/1990 birtist, var sá maður, sem áður hafði gegnt þessu staðgengilsstarfi, nýlátinn. Eins og hér stendur á, þykir mega telja tilgreiningu í auglýsingunni fullnægjandi, og verður krafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Þjóðgarðurinn Skaftafelli.

Þjóðgarðsvörður.

Reglugerð nr. 319/1984 ber ekki með sér, að þetta sé stofnun, sem falli undir 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Vísindasjóður.

Framkvæmdastjóri.

Í auglýsingu nr. 54/1990 er á listanum starf framkvæmdastjóra Vísindasjóðs. Vísindasjóður er hluti af starfsemi Vísindaráðs skv.

lögum nr. 48/1987. Af hálfu stefnda er á því byggt, að um sé að ræða stöðu, sem heimiluð sé í 6. gr. laganna. Í því ákvæði er stjórn Vísindaráðs, en ekki Vísindasjóði, heimilað að ráða framkvæmdastjóra. Auglýsingin beinist því ekki að starfsheiti skv. 6. gr. laganna, og ber því að fella það út af listanum.

Landbúnaðarráðuneyti.

Skógrækt ríkisins.

Skógarverðir.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 3/1955 eru skógarverðir ekki forstöðumenn stofnana, sem falla undir 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheiti þeirra út af listanum.

Rannsóknarstöð Skógræktar

ríkisins á Mógilsá.

Forstöðumaður.

Reglur um stjórn og verksvið stöðvarinnar nr. 114/1968 bera með sér, að hún sé deild innan Skógræktar ríkisins og falli því hvorki undir 5. né 6. tl. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Sauðfjárveikivarnir.

Deildarstjóri (dýralæknir).

Deild þessi er ekki stofnun, sem 29. gr. laga nr. 38/1954 tekur til, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti.

Hollustuvernd ríkisins.

Forstöðumenn.

Fram er komið af hálfu stefnda, að forstöðumenn þessir séu yfirmenn fjögurra sjálfstæðra sviða innan stofnunarinnar. Ekki er fallist á með stefnda, að þessir starfsmenn séu forstöðumenn skv. 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheiti þeirra út af listanum.

Ríkisspítalar.

Framkvæmdastjórar sviða.

Varaframkvæmdastjórar sviða.

Fram er komið af hálfu stefnda, að framkvæmdastjórar þessir séu yfirmenn sjálfstæðra sviða innan ríkisspítalanna. Ekki er fallist á með stefnda, að þessir starfsmenn séu forstöðumenn skv. 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheiti þeirra út af listanum.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Fiskifélag Íslands.

Skrifstofstjóri.

Ekki verður fallist á með stefnda, að þetta sé stofnun, sem falli undir 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Verðlagsráð sjávarútvegsins. Framkvæmdastjóri.

Ekki verður fallist á með stefnda, að þetta sé stofnun, sem falli undir 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Fjármálaráðuneyti.

Lyfjaverslun ríkisins.

Fjármálastjóri.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að starfsmaður þessi gegni stöðu staðgengils lyfsölustjóra Lyfjaverslunar ríkisins, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Samgönguráðuneyti.

Vegagerð ríkisins.

Framkvstj. stjórnssýslusviðs

Framkvstj. tæknisviðs.

Fram er komið af hálfu stefnda, að framkvæmdastjórar þessir séu yfirmenn sjálfstæðra sviða innan stofnunarinnar. Ekki er fallist á með stefnda, að þessir starfsmenn séu forstöðumenn stofnana skv. 5. eða 6. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, og ber því að fella starfsheiti þeirra út af listanum.

Veðurstofa Íslands.

Yfirdeildarstjóri tækni-

og veðurathugunardeildar.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að starfsmaður þessi gegni stöðu staðgengils veðurstofustjóra, og ber því að fella starfsheitið út af listanum.

Iðnaðarráðuneyti.

Iðntæknistofnun Íslands.

Fjármálastjóri.

Stefndi hefur fallist á kröfur stefnanda, og ber því þegar af þeirri ástæðu að fella starfsheitið út af listanum.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Kröfu stefnanda varðandi deildarstjóra við Reiknistofnun Háskóla Íslands er vísað frá dómi.

Af lista skv. auglýsingu nr. 54/1990 skal fella eftirfarandi starfsheiti:

Háskólabókasafn.

Háskólabókavörður.

Aðstoðarháskólabóka-
vörður.

Mannfræðistofnun.	Forstöðumaður.
Verkfræðistofnun H.Í.	Forstöðumaður.
Endurmenntunarnefnd H.Í.	Endurmenntunarstjóri.
Raunvísindastofnun háskólans.	Skrifstofustjóri.
Orðabók háskólans.	Forstöðumaður.
Örnefnastofnun.	Forstöðumaður.
Þjóðgarðurinn Skaftafelli.	Þjóðgarðsvörður.
Vísindasjóður.	Framkvæmdastjóri.
Skógrækt ríkisins.	Skógarverðir.
Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá.	Forstöðumaður.
Sauðfjárveikivarnir.	Deildarstjóri (dýralæknir).
Hollustuvernd ríkisins.	Forstöðumenn.
Ríkisspítalar.	Framkvæmdastjórar sviða. Varaframkvæmdastjórar sviða.
Fiskifélag Íslands.	Skrifstofustjóri.
Verðlagsráð sjávarútvegsins.	Framkvæmdastjóri.
Lyfjaverslun ríkisins.	Fjármálastjóri.
Vegagerð ríkisins.	Framkvæmdastjóri stjórn- sýslusviðs. Framkvæmdastjóri tækni- sviðs.
Veðurstofa Íslands.	Yfirdeildarstjóri tækni- og veðurathdeildar.
Iðntæknistofnun Íslands.	Fjármálastjóri.
Málkostnaður fellur niður.	
